

Listamenn sem eiga bókverk á sýningunni eru m.a.:

Dieter Roth, Sigríður Björnsdóttir, Magnús Pálsson, Dagur Sigurðarson, Jónas Svafár, Kristján Guðmundsson, Óskar Árni Óskarsson, Anton Helgi Jónsson, Ásgeir Lárusson, Örn Karlsson, Gyrðir Elíasson, Sjón, Þór Eldon, Björk Guðmundsdóttir, Einar Melax, Kristbergur Ó. Pétursson, Ólafur J. Engilbertsson, Matthías S. Magnússon, Ólafur Elíasson, Magnús Sigurðsson, Unnar Örn Auðarson, Davíð Stefánsson, Ófeigur Sigurðsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Kristín Eiríksdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Elín Hansdóttir, Rebecca Solnit, Dr. Usli, Vagn Steen, Adrian Galindo o.fl.



Bókverk eftir Dieter Roth



Sýning opnuð 31. október 2015

Í samstarfi við Dag myndlistar, <http://dagurmyndlistar.is>

Umsjón: Vigdís Rún Jónsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir,

Ólafur J. Engilbertsson, Kim Farah Giuliani

daDadietErdúr  
rúdreTeidadAd  
dadadietErdúr  
rúdreTeidadAd  
daDadietErdúr  
rúdreTeidadAd  
dadadietErdúr  
rúdreTeidadAd

samruni orðlistar og myndlistar  
sýning í þjóðarbókhöðu

Í byrjun tuttugustu aldar gerði evrópska framúrstefnan kröfu um allsherjar endurnýjun menningarinnar, þar á meðal á ljóðinu sem sagt var úr sér gengið. Fjöldi framúrstefnuhreyfinga spratt fram víða um Evrópu og má þar nefna konstrúktífisma, súrrealisma og dadaisma sem spratt fram í Zürich í Sviss árið 1915 og á sama tíma í New York. Dada var sprenging í myndlist, bókmenntum og fleiri listgreinum sem á að miklu leyti upphaf sitt í Cabaret Voltaire, litlum skemmtistað í Zürich þar sem skáldin Hugo Ball og Emmy Jennings skemmtu með undarlegum uppákomum ásamt listamönnum á borð við Tristan Tzara og Richard Huelsenbeck. Dadaisminn rann nokkrum árum síðar saman við súrrealismann.

Fyrri heimsstyrjöldin var í algleymingi og öllum viðteknum hefðum var ögrað, handahófskenndur texti varð að ljóði, úrklippur og rusl að list. Dadaistarnir gerðu uppreisn gegn hinu hefðbundna tungumáli og myndhvörfum þess og töldu að tungumálið væri dautt. Hefðbundinni ljóðtjáningu og táknæmi var hafnað enda var markmið dadaistanna að byggja nýtt tungumál og nýjan heim úr rústum fortíðarinnar.

Þessar hugmyndir birtast með skýrum hætti í Stefnuyfirlýsingu Dadaismans en þar talar rúmenska skáldið Tristan Tzara ákaft fyrir sprengingu blaðsíðunnar. Svipaðar hugmyndir má sjá í greininni „Opnaryfirlýsing“ (Fyrsta dadakvöldið í Zürich, 14. júlí 1916) en þar segir Hugo Ball:

Ég les ljóð sem ætlað er hvorki meira né minna en að hafna tungumálinu. Ég vil ekki sjá orð sem aðrir hafa fundið upp. Ég vil mína eigin fásinnu og sérhljóða og samhljóða sem henni hæfa. Ljóðið er tækifæri til að komast sem best af án orða og án tungumálsins.

Kröfur listamanna og rithöfunda dadaismans um hið nýja tungumál höfðu áhrif á listamenn nýframúrstefnunnar sem komu fram eftir seinna stríð og upp úr 1950 virðist hafa legið í loftinu nauðsyn þess að fundnar væru nýjar leiðir til að túlka hugsun og hugmyndir samtímans í ljóði. Sú umbylting í ljóðagerð sem átti sér stað eftir seinna stríð var nefnd konkretljóðlist.

Um miðjan sjötta áratuginn fóru konkretljóð að skjóta upp kollinum á Íslandi sem má þakka því að svissneski listamaðurinn Dieter Roth fluttist til landsins en hann hafði alist upp við dada og konkretlist. Dieter kynntist íslenskri konu í Kaupmannahöfn, Sigríði Björnsdóttur, sem hann fylgdi til Reykjavíkur og unnu þau meðal annars saman að bókverkum. Dieter stofnaði forlag ed með félaganum Einari Braga sem gaf út bókverk en að þeim vann Dieter nánast allan sinn starfsferil. Dieter klippti saman ýmis rit og klippti út úr þeim, skipti engu hvernig letrið sneri. Þetta batt hann inn og tölusetti sem bókverk eftir sig. Nokkur þessara bókverka eru hér á sýningunni. Einnig tímaritið Tímarit fyrir allt (1975-1987) sem kom út níu sinnum og eru öll bindin í eigu Landsbókasafns Íslands fyrir utan eitt. Þess má geta að árið 1951 stofnaði Dieter Roth ásamt þeim Eugen Gomringer og Marcel Wyss tímaritið Spirale í borginni Bern í Sviss, en í því tímariti leit dagsins ljós fyrsta konkretljóðið „constellation“ eða „stjörnumerki“ eftir Gomringer. Dieter flutti með sér nýja strau- ma inn í íslenskt listalíf og óhætt er að segja að hann hafi haft mikil áhrif á íslenska myndlist, ljóðlist og einnig prentlist.

